



Efni: Tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141

Vísað er til erindis atvinnuveganefndar Alþingis til Félags umhverfisfræðinga (FUMÍ) dags. 26. janúar sl., þar sem félaginu er gefinn kostur á að leggja fram umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 244. mál. Félag umhverfisfræðinga vill koma eftirfarandi umsögn á framfæri við nefndina.

Um rammaáætlun gilda lög nr. 48/ 2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun,, en þar segir í 1.gr.:
„Markmið laga þessara er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“

Félagið bendir á að breytingatillöguna skorti rökstuðning fyrir þeim breytingum sem meirihlutinn leggur til. Einnig er vert að undirstrika mikilvægi faglegra vinnubragða í málefnum tengdum orkunýtingu landsvæða og að nauðsynlegar grundvallaupplýsingar liggi fyrir um svæðin svo hægt sé að vinna heildstætt og raunhæft hagsmunamat virkjanakostanna.

Í 5. grein laga nr. 48/2011 segir þar að auki. *„Í biðflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem er talið að afla þurfi frekari upplýsinga um svo meta megi á grundvelli sjónarmiða“.*

Athuga skal að hluti þeirra liða í a-lið 2. tölul. (biðflokkur) sem lagt er til í breytingatillögunni að færist yfir í a-lið 1. tölul. (nýtingaflokkur) eru lítið rannsökuð svæði á ósnortnu hálendi landsins. Brýnt er að verkefnastjórn rammaáætlunar, sem skipuð er af hæfum sérfræðingum og styðst við faglega aðferðafræði, fari yfir hvern kost fyrir sig og komi með tillögu að flokkun svæðanna.

Félagið telur mikilvægt að unnið sé í anda laganna og stefnt sé að sátt um það hvaða svæði eigi að vernda og hvaða svæði eigi að nýta til orkuöflunar í framtíðinni. Félagið telur að tryggja þurfi faglega umfjöllun um virkjanakosti og því mikilvægt að verkefnastjórn fái tækifæri til að fjalla um þá kosti.

Reykjavík, 13. febrúar.2015

Virðingafyllst,

stjórn Félags umhverfisfræðinga